

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 13 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 1924, um mæli-tæki og vogaráhöld öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. nóvember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.

REGLUGERÐ

um lánadeild Iðngarða við Iðnlánasjóð.

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1979 um breytingu á lögum um Iðnlána-sjóð, skal starfrækt við sjóðinn sérstök deild er nefnist lánadeild iðngarða. Deildin hefur þann tilgang að veita stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki, í því skyni að skapa starfsaðstöðu fyrir iðnfyrirtæki, efla þar með íslenskan iðnað og stuðla að hagkvæmari dreifingu iðnaðar um landið.

2. gr.

Iðngarður er samkvæmt reglugerð þessari mannvirki sem reist er og/eða rekið í framangreindum tilgangi og veitir að jafnaði fleiri en einu iðnfyrirtæki aðstöðu.

Eigendum ber að gera samþykktir um viðkomandi iðngarð þar sem fram kemur m. a.:

- markmið með byggingu iðngarðs.
- félagsform og stjórn.
- eignaraðild og fjárhagsábyrgð.
- reglur um sameiginlega þjónustu.
- skilgreiningu á aðstöðu sem látin er í té.
- reglur um leiguskiðmála.

3. gr.

Lánveitingar deildarinnar eru háðar því skilyrði að mannvirkin, sem lánað er til, verði eingöngu til afnota fyrir iðnfyrirtæki sem greiða iðnlánasjóðsgjald, samanber 5. grein laga nr. 68 frá 1967 (ásamt breytingum).

Verði út af því brugðið fellur allt lánið í gjalddaga nema samþykki stjórnar Iðnlánasjóðs liggi fyrir.

4. gr.

Aðili sem hyggst sækja um lán úr Iðnlánasjóði skal gera stjórn Iðnlánasjóðs skriflega grein fyrir áformum sínum um notkun þeirra mannvirkja, sem hann hyggst reisa eða festa kaup á. Í umsókninni skulu m. a. veittar upplýsingar um:

- 4.1 Nafn umsækjanda og heimilisfang.
- 4.2 Fjárhagsstöðu, veðmöguleika og/eða ábyrgðir.
- 4.3 Staðsetningu, lýsingu á hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, teikningu, áætlun um byggingarkostnað eða kaupverð og afrit af kaupsamningi svo og áætlun um fjármögnun.

- 4.4 Hvaða fyrirtækjum sé ætlað að fá inni í fyrirhuguðum iðngarði, og að minnsta kosti ein umsókn frá fyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði fyrir lánshæfni, sbr. 3. gr., þarf að liggja fyrir.
- 4.5 Samþykktir um iðngarð sbr. gr. 2.
- 4.6 Önnur atriði, er umsækjandi telur skipta máli.

5. gr.

Um lánskjör og skilyrði fyrir lánveitingum skulu að öðru leyti gilda almennar reglur sjóðsins.

6. gr.

Stjórn Iðnlánasjóðs getur leitað samstarfs við aðra sjóði um fjármögnun iðngarða eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Með lánnum úr lánadeild iðngarða við Iðnlánasjóð skal stefnt að aukinni iðnaðarframléiðslu. Að öðru jöfnu er til þess ætlast að þau fyrirtæki sem fá aðstöðu í iðngarði, sem sjóðurinn styður, séu ný eða líkleg til að eflast verulega við aðgang að þeim.

Heimilt er umsækjanda að setja reglur um tímabundin leiguhlunnindi fyrir þau fyrirtæki sem fá aðstöðu í iðngarði til að létta fjárhagslegar byrðar fyrirtækis, sem er að hefja starf eða er á viðkvæmu breytingaskeiði.

8. gr.

Iðngörðum skal skila með eftirfarandi frágangi til leigjenda: Allir útveggir hússins skulu frágengnir bæði utan og innan. Þak skal vera fullfrágengið með einangrun og klæðningu, lagnir komnar inn fyrir vegg og lóð fullfrágengin með bilastæðum og grasi.

9. gr.

Stjórn Iðnlánasjóðs ber að forðast að lánveitingar úr sjóðnum til iðngarða leiði til neikvæðrar samkeppni milli fyrirtækis innan iðngarðs og fyrirtækja sem utan standa, hvort sem er innan einstakra bygðarlaga eða í landinu í heild.

10. gr.

Tekjur lánadeildar iðngarða eru:

- a. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónir króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
- b. Framlög, er veitt kunna að vera úr ríkissjóði eða á annan hátt.
- c. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar.
- d. Vextir og verðbætur.

11. gr.

Eignum og skuldum lánadeildar iðngarða svo og reikningshaldi öllu skal haldið aðgreindu í bókhaldi sjóðsins.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á lögum nr. 68 10. okt. 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl

1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21 maí 1974 og lög nr. 44 16. maí 1977 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 17. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af eftirtöldum hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru við framleiðslu á iðnaðarvörum og falla skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum undir tollskrárnúmer 38.19.49:

| | |
|---------------------------------|--------------------------|
| ADMUL — GLP | BENTOKOL 72 |
| ADMUL — GMS — SF/40 | BENTONE |
| ADMUL — MGA | BLANKIT — IAN |
| ADMUL — MGK | BLANKIT — IN |
| ADMUL — MGP | BRATELLIN |
| ADMUL POLYESTER 19 | |
| ADMUL POLYESTER 57 | CARBONIN 50 |
| ADMUL WOL | CERECLOR 42 |
| ADMUL 69/1 | CERECLOR 70 |
| ALBANOL — OM-890 | CLEARPOL |
| ALBRAL 2 | CLOPHEN — A 60 |
| AMPHISOL | COBALT 254 |
| ANTIFLOAT-CVP | COBALT OCTOATE 6% og 12% |
| ANTIFLOAT — D 14 — duft | COLLUPULIN |
| ANTISETTLE CUP | CO-RO STABILISATOR |
| AQUACER 502 | COVERAL 5 |
| AQUACER 503 | COVERAL 11 |
| ARCTON 12/11 | CREMODAN MOUSSE 30 |
| ARCTON 12/114 | CREMODAN — SE 33 |
| ARMOFLO 66 | CREMODAN — SE 34 |
| AROCLOR 1248 | CREMODAN — SI 315 |
| AROCLOR 5460 | CUPRITE 1 — blocks |
| ASCININ — R KONZ | CURAFOS COMBI |
| ATB — pasta — fyrir offset-blek | CURAFOS 410 |
| AVOLAN — IL | CURAFOS 700 |
| AZOCOL — S-FOTOEMULSION | |
| | DAUROTIN |
| BASOLAN — DC | DERMAGEN — PL |
| BASTAMOL — FJ | DERMAGEN — PR |
| BÄROPAN — E 1320 KR/A | DESAVIN |
| BÄROPAN — E 1320 KR/AX | DESMODUR — HL 60% |
| BEN — A — GEL | |